

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD SKALLAGRÍMS



ÁRSSKÝRSLA 2024

Efnisyfirlit

Formannspistill	3
Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms 2024-2025.....	4
Meistaraflokksráð	4
Yngriflokkaráð	4
Starfsmenn deildarinnar	4
Þjálfarar	4
Aðstoðar- og íhlaupa þjálfarar	4
Starf deildarinnar tímabilið 2024-2025	5
ÁRSREIKNINGUR 2024	9
EFNAHAGSREIKNINGUR 2024	10
SUNDURLIÐUN/SKÝRINGAR 2024	11
Meistaraflokkur karla – rekstrarreikningur	16
Yngri flokkar – rekstrarreikningur.....	17
Unglingaflokkar og annar rekstur/sameiginlegt – rekstrarreikningur	18
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025	19
Áritun stjórnar og skoðunarmanna	20

Formannspistill

Þá er enn einu keppnistímabilinu lokið og uppskerutími. Sem fyrr hafa störf stjórnarfólks og sjálfboðaliða verið allskonar. Í ársskýrslunni er skautað yfir starfið og helstu verkefni og þau eru svo sannarlega fjölbreytt. Stjórn og ráð funda að meðaltali 1 sinni í mánuði auk þess sinnum við tilfallandi sjálfboðaliðastörfum við mótahald, skýrslugerðir, fjáraflanir, leitum til styrktaraðila, gerum samninga við leikmenn, við þjálfara, rekum nytjamarkað, flokkum og ferjum og seljum o.fl. Í sumar tókum við þátt í að halda glæsilegt unglingalandsmót þar sem okkar sjálfboðaliðar stóðu vaktina í dómastörfum, utanumhald um keppni og sáu um þrif og salerni á öllu mótinu. Gríðarlega skemmtilegt mót.

Enn sem fyrr er fjármögnun deildarinnar fyrirferðarmest utan almennar þjálfunar og mótahalds. Með tilkomu tveggja starfsmanna sem tóku hitann og þungan af daglegu amstri létti töluvert á okkur í stjórn og ráðum deildarinnar en nóg samt fyrir okkur sjálfboðaliðana að stússa í. Báðir starfsmenn eru að ljúka störfum fyrir deildina núna eftir tímabilið og munum við hefja leit að góðu fólki til að starfa fyrir deildina.

Það er ánægjulegt að það fólk sem bauð fram krafta sína í stjórn og ráð í byrjun tímabils mun að stærstum hluta halda áfram og það er gríðarlega dýrmætt.

Gott íþróttastarf er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni og líta fjölskyldur til gæði íþróttastarfs þegar það velur sér framtíðarheimili. Sveitarfélög, fjölskyldur, iðkendur, íbúar og samstarfsaðilar kalla eftir auknum gæðum í starfinu, menntuðum þjálfurum, betri aðstöðu, betri tæki svo fátt eitt sé nefnt. Framundan er undirbúningur á byggingu á nýju íþróttahúsi og spennandi tímar í vændum. Aðstaðan hefur líka töluvert að segja þegar fjölskyldur velja sér framtíðarheimili og einnig hefur það mjög ákvæð áhrif þegar kemur að því að fá til okkar reynda meistaraflokks leikmenn. Einn vinkillinn enn er svo stuðningur sveitarfélagsins við í deildina og íþróttastarf í heild sinni. Fyrir utan það að leggja til mannvirki þá koma einungis rétt rúmlega 4,5% af rekstrartekjum deildarinnar frá sveitarfélaginu. Áfram er ákall um gæði þjálfunar, góða þjálfara, aðstoðafólk, faglegt starf, skýrslugerðir o.fl.

Nú er undirbúningur fyrir næsta tímabil í fullum gangi. Margir samstarfssamningar eru lausir og því ærin vinna framundan að tryggja áframhaldandi samstarf og vonandi ný samstörf við fyrirtæki. Skráningu liða í flesta flokka þarf að vera lokið um miðjan júní. Mikill áhugi er á því að endurvekja kvennalið og erum við að skoða það alvarlega hvort við sendum lið til keppni í 2. deild kvk á næsta tímabili.

Áfram mun markmiðið vera að gera betur og ekki síst að hjálpa fólkinu okkar að gera betur hvort sem það eru iðkendur eða fólk sem kemur að starfinu. Við erum öll eitt lið og samstíga getum við skilað öflugum og góðu starfi fyrir börnin okkar, afreksfólkið okkar og samfélagið í heild.

ÁFRAM SKALLAGRÍMUR

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms 2024-2025

Formaður

Sigríður Bjarnadóttir

Fulltrúar frá meistaraflokksráði Birgir Andrésson og Lilja Björg Ágústsdóttir ritari

Fulltrúar frá yngriflokksráði Birgitta Rán Ásgeirsdóttir og Elfar Ólafsson

Meistaraflokksráð

Birgir Andrésson

Lilja Björg Ágústsdóttir

Adolf Hannesson

Jón Frímann Eiríksson

Eðvarð Jón Sveinsson

Yngriflokksráð

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir

Elvar Ólafsson

Hrafnhildur Tryggvadóttir

Örvar Bessason

Heiðrún Hafliðadóttir

Starfsmenn deildarinnar

Lára Magnúsdóttir - verkefnastjóri

Sumarliði Páll Sigurbergsson - yfirþjálfari yngri flokka

Þjálfarar

Meistaraflokkur karla	Yngri flokkar
Pétur Már Sigurðsson - þjálfari + umgmennafl. kk.	Sumarliði Páll Sigurbergsson
Jón Hrafn Baldvinsson – aðstoðarþjálfari + ungmennafl. kk	Davíð Guðmundsson
	Kolbrún Líf Lárudóttir
	Magnús Engill Valgeirsson
	Jón Hrafn Baldvinsson
	Luke Moyer

Aðstoðar- og íhlaupa þjálfarar

Sigurgeir Erik Þorvaldsson	Díana Björg Guðmundsdóttir
Birgir Ívar Pálmason	Julia Caril Lu Adlawan
Guðmar Sigvaldason	
Eiríkur Frímann Jónsson	
Benjamín Karl Styrmisson	

Starf deildarinnar tímabilið 2024-2025

Aðalstjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms (KKD) er skipuð eftirfarandi einstaklingum tímabilið 2024-2025. Formaður er Sigríður Bjarnadóttir og frá yngriflokkaráði í stjórn eru Elfar Ólafsson og Birgitta Rán Ásgeirsdóttir og úr meistaraflokksráði sitja þau Birgir Andrésson og Lilja Björg Ágústsdóttir í stjórn KKD. Í yngriflokkaráði eru: Elfar Ólafsson, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Örvar Bessason, Heiðrún Hafliðadóttir og Hrafnhildur Tryggvadóttir. Í meistaraflokksráði eru: Lilja Björg Ágústsdóttir, Birgir Andrésson, Adolf Hannesson, Eðvarð Jón Sveinsson og Jón Frímann Eiríksson. Lára Magnúsdóttir er starfsmaður deildarinnar í 70% starfi og Sumarliði Páll Sigurbergsson er yfirþjálfari yngri flokka í 30% starfi auk þess sem hann sinnir þjálfun í afleysingum.

Á árinu 2024 voru á vorönn um 180 iðkendur og á haustönninni eru um 170 iðkendur verið skráðir hjá deildinni og voru á vorönn voru skipulagðar æfingar í 11 flokkum kk og 10 flokkum kvk. 1.-2. bekkur kk og kvk æfir saman eins og 3.-4. flokkur kk og kvk auk þess sem að nokkrir aldursflokkar æfa saman. Á haustönninni hafa verið skipulagðar æfingar hjá 10 flokkum kk og 8 flokkum kvk.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og staðið sig vel. Iðkendurnir okkar leika á annað hundrað leiki yfir tímabilið. Í haust skráðum við 8 lið til keppni yfl (Minnibolti – 10. fl), ungmennaflokk kk og meistaraflokk kk. Einn flokkur var skráður til leiks í samstarfi við Tindastól en það var 7. flokkur kvk. Samstarfið við Tindastól hefur gengið vel en er auðvitað töluvert þúsl þegar þarf að fara um 400 km á æfingar. Til þess að slíkt gangi upp er mjög mikilvægt að samvinna á milli þjálfara og foreldra sé mjög góð.

Meistaraflokkur karla endaði í 11. sæti á síðasta tímabili en tímabilið kláraðist á leik við Fjölni þann 18. mars. Flestir leikmenn liðsins voru heimamenn og er það markmið deildarinnar að hafa liðið skipað sem mest af heimamönnum. Í liðinu voru einnig 2 - 3 erlendir leikmenn yfir tímabilið og leitast var við að velja leikmenn sem studdu sem best við þann grunn af leikmönnum sem við höfðum yfir að ráða.

Markmið KKD fyrir tímabilið '24-'25 var að ná samningum við unga uppalda Skallagrímismenn og stuðla að ákveðinni endurnýjun til að mynda kjarna af leikmönnum til næstu ára. Töluvert var um meiðsl og veikindi sem settu svip sinn á tímabilið sem raskaði jafnvæginu og má í raun segja að liðið hafi tekið stöðugum breytingum til að bregðast við stöðunni að hverju sinni. Liðið var því skipað ungum og efnilegum leikmönnum sem þurftu að ákveðnu leiti að stíga upp í stærri hlutverk en mögulega var lagt upp með og leystu það verkefni mjög vel. Stefnan er sú að halda áfram að byggja upp Skallagrímismenn sem aðalleikmenn og styrkja liðið með íslenskum og erlendum leikmönnum sem passa inn í hópinn og stuðla að framgangi okkar leikmannahóps.

5 iðkendur drengja voru valdir í æfingahópa yngra landsliða í desember. Skipust þeir þannig að 2 drengir voru valdir í U15, 1 í U16 og 2 í U18. Markmið næsta árið er að styðja enn frekar við afreksstarf og við bakið á okkar iðkendum. Leitast við að koma þeim á framfæri m.a. með að senda út leiki í gegn um VEO og auglýsa vel heimaleiki. Mikið er að frambærilegum iðkendum í

ÁRSSKÝRSLA

yngrri flokkum og því er mikilvægt að vera með öflugt starf og hvata fyrir þá til að taka þátt í afrekstarfi.

Stjórn KKD tilnefndi Bjarna Guðmann Jónsson til íþróttamanns Borgarfjarðar en Bjarni er uppalinn Skallagrímsmaður sem hefur í gegn um árin iðkað íþrótt sína af miklli elju og er góð fyrirmynd fyrir yngri leikmenn. Hann lauk námi sínu hjá Fort Hays State University síðasta vor eftir gríðarlega góðan feril þar sem hann var á fullum skólastyrk öll árin. Hann var þrjú ár kosinn í varnarlið ársins og kosinn varnarmaður ársins á sínu síðasta ári og hlaut m.a. nokkur heiðursverðlaun. Bjarni samdi við Stjórnuna eftir heimkomuna og hefur spilað með þeim á yfirstandandi tímabili. Bjarni var auk þess valinn í A-landslið Íslands sem tryggði sér þátttökurétt á EM núna haustið 2025. Bjarni átti þar fína innkomu af bekknum.

Þjálfarahópurinn er vel blandaður af reynslumiklum þjálfurum og ungum þjálfurum sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun. Á árinu hafa amk 21 þjálfari auk aðstoðarfólks komið að þjálfun og á yfirstandandi tímabili hafa 8 þjálfarar og 7 aðstoðarþjálfarar komið að þjálfun auk aðstoðarfólks. Eitt af megin markmiðum KKD er að allir sem komi að þjálfun hafi eða sækji sér reglulega menntun til að viðhalda og bæta gæði starfsins.

Á yfirstandandi tímabili er KKD með um 30 klst í æfingatíma á viku í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi auk þess að vera með morguntíma hluta úr vetri. Haldnar hafa verið morgunæfingar fyrir 7. -10 bekk auk þess sem meistaraflokkurinn er með styrktaræfingar í sal Íþróttamiðstöðvarinnar. Hafa morgunæfingarnar verið ágætlega sóttar og eru þær viðbót sem stefnt er að, að halda inni næsta vetur.

Flokkarnir eru alls 19 bæði kk og kvk. Nokkrir flokkar æfa saman en ef hver og einn flokkur væri sér myndi þeir fá að meðaltali tæplega 2 klst í æfingar á viku. Aðalástæður fyrir því að flokkar æfa saman er of lítið framboð á æfingartímum í íþróttamiðstöðinni og árgangar misstórir. Ef við berum okkur saman við önnur félög í kringum okkur í sömu flokkum þá eru okkar iðkendur að fá allt að 100 færri mínútur á viku. Auk þess að æfingartíminn sé þétt setinn í húsinu þá eru skráðir ríflega um 60 leikir í Íslandsmót, bikarkeppni og fjölíðamót í íþróttamiðstöðinni á tímabilinu '24-'25. Það þýðir um 2,5 leikir á viku sem þýðir að u.þ.b. 4 æfingar falla niður á viku hjá öðrum flokkum KKD eða öðrum íþróttadeildum sem eiga tíma í húsinu. Markmið deildarinnar er ávallt að fella ekki niður æfingar heldur reyna að bregðast við með öðrum hætti t.d. sameina æfingar, breyta æfingum eða færa þær til svo að iðkendur missi sem minnst úr æfingum.

Stóð deildin fyrir Bónus körfuboltabúðum Skallagríms í desember þar sem fjöldi iðkenda mættu í jólafríinu, spiluðu körfubolta og sóttu fyrirlestra hjá Margréti Láru hjá Sjálfsaga. Þjálfarahópur deildarinnar ásamt Dino Stipcic, Tinnu Guðrúnu og leikmönnum úr meistaraflokki Skallagríms sáu um að iðkendur hefðu nóg fyrir stafni þessa daga.

Mikið er um keppnisferðir og leiki hjá iðkendum og eru mót eða leikir hverja helgi hjá einhverjum aldursflokkum. Það er því gott að sjá hvað við eigum gott bakland í sjálfbóðaliðum þegar kemur að ferðalögum og mótahaldi á heimavelli, en alltaf eru einhverjir tilbúnir að leggja hönd á plóg til að aðstoða við að allt gangi upp bæði við ferðalög og mótahald hér heima. Einnig hafa ákveðnir

ÁRSSKÝRSLA

hópar farið erlendis ýmist á mót eða í æfingabúðir en hópur stúlkna úr 7.-9. fl. kvenna fór til Spánar sumarið 2024 á EuroBasket í Lloret de Mar og lönduðu báðir hóparnir sigri í sínum riðlum. Þá er hópur drengja í 9. og 10. flokki á leiðinni til Króatíu í æfingabúðir nú í júní.

Margir sjálfboðaliðar starfa í kringum deildina og eru störf þeirra ómetanleg bæði fyrir félagið og ekki síður fyrir samfélagið í heild. Kröfur vaxa á gæði starfsins jafnt og þétt með hverju árinu sem líður og takmarkað sem hægt er að leggja á sjálfboðaliðann og takmarkað sem þeir geta tekið við. Sjálfboðaliðar koma einnig að alls kyns fjáröflunum m.a. útburði, vörutalningu, klósettpappírssölu, bílabóni og fleiru.

Á þorabloti KKD í febrúar 2025 voru 3 einstaklingar heiðraðir fyrir óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar. Þeir sem hlutu viðurkenningu voru Arnar Víðir Jónsson, Einar Árni Pálsson og Ómar Örn Ragnarsson.

Þorablot KKD hefur verið eina að aðal fjáröflunum deildarinnar síðustu ár en hefur aðeins dregið úr bæði sökum aukins kostnaðar við viðburðinn s.s. löggæslukostnað, leyfisgjöld, húsaleigu o.fl. og gestum hefur fækkað aðeins. Mörg þorablot eru í boði á þessum tíma og gæti það haft sín áhrif á þátttöku auk þess sem við finnum mögulega alveg fyrir því að stýrivextirnir gætu haft einhver áhrif. Við höldum ótrauð áfram með þennan menningarviðburð.

Tímabilið 2024-2025 hélt Sumarliði Páll áfram sem yfirþjálfari og hefur staðið sig vel í sínu starfi. Lára Magnúsdóttir hefur einnig verið í starfi verkefnastjóra og staðið sig vel en hún lét af störfum fyrir deildina í apríl 2025. Deildin hefur því verið með 2 starfsmenn í hlutastarfi ásamt nokkrum þjálfurum.

KKD vill þakka samstarfsaðilum og styrktaraðilum fyrir stuðninginn og ekki síður íbúum sveitarfélagsins fyrir að sækja viðburði, styðja við bakið á okkur í okkar fjáröflunum. Bílabón, þorablot, skötuveisla, jólasveinaheimsóknir, jólatrjáahreinsun er meðal fjáraflana sem deildin hefur staðið fyrir á árinu og hefur verið vel tekið af hagaðilum og íbúum. Einnig var bætt í með söluvarningi merkt Skallagrími m.a. náttgalli, náttbuxur, lyklakippur, handklæði og fl.

KKD hefur gefið út fréttablaðið Frákastið við upphaf keppnistímabils og bættum við inn prentun dagatala fyrir árið 2024 sem er enn ein fjáröflunin sem deildin stendur fyrir.

Ekki má gleyma Nytjamarkaðnum okkar en hann opnaði á nýjum stað úti í Brákarey í byrjun sumars. Forsendur hafa breyst gríðarlega og nú leigir deildin húsnæði á almennum markaði og það er töluvert breytt landslag eftir að við misstum húsnæði á vegum Borgarbyggðar í kringum 2021. Starfsemin er gríðarlega mikilvæg fyrir samfélagið og hringrásarhagkerfið.

Áherslur næsta tímabils munu áfram vera að bæta enn frekar og halda áfram öflugum yngriflokkastarfi. Einnig að fjölga iðkendum og vekja athygli mögulegra iðkenda á körfubolta. Það er þó verulegur fjötur um fót hversu mikið deildin getur vaxið því ekki er hægt að halda úti allri þeirri þjónustu sem við teljum að sé þörf til þess að vera samkeppnishæf. Mikill vilji er til staðar að geta veitt okkar iðkendum enn betri þjónustu og veita þeim sömu tækifæri og iðkendur í öðrum sveitarfélögum fá til að stunda sína íþrótt. Við munum samt sem áður áfram gera okkar

ÁRSSKÝRSLA

besta með það sem við höfum og leggja okkar af mörkunum til að styðja vítt og breytt við íþróttastarf á okkar ágæta svæði.

Stefnt er að því að halda vel utan um leikmannahópa meistaraflokks kk næsta vetur og að halda þeim samkeppnishæfum í sinni deild. Með skýrri stefnu og öguðum vinnubrögðum vonumst við til að hópurinn okkar styrkist enn frekar, ná því markmiði að taka þátt í úrslitakeppni á næsta tímabili og mögulega upp í úrvalsdeild.

Áhersla verður áfram lögð á að styðja þjálfara deildarinnar til að efla sig í þeirra starfi með því að sækja námskeið og aðra menntun á sviði þjálfunar. Einnig verður stutt við bakið á þeim sem hafa áhuga á því að ná sér í dómararéttindi sem og þeim sem vilja sækja réttindi á ritaraborði. Áfram verður stuðlað að jafnrétti hjá deildinni, þannig verður iðkendum gert jafn hátt undir höfði hvort sem þeir æfa eða keppa fyrir kvenna- eða karlalið deildarinnar. Auglýsingar og umfjöllun á vegum deildarinnar munu alltaf taka jafnt til karla og kvenna.

Að lokum viljum við þakka enn og aftur öllum þeim sem komið hafa að starfi Körfuknattleiksdeildar Skallagríms. Þetta á við um alla þá sem eru í stjórnun, þá sem starfa í kringum leiki og mót, foreldra sem leggja sitt að mörkum og alla þá sem eru tilbúnir að hjálpa okkur með hvaða hætti sem er og iðkendur og að síðustu öllum þeim styrktaraðilum sem hafa staðið með okkur og lagt okkur lið. Án ykkar væri starf deildarinnar ómögulegt.

ÁRSREIKNINGUR 2024

Ungmennafélagið Skallagrímur
Körfuknattleiksdeild

Rekstrarreikningur 2024

Tekjur:

	Skýr	2024	2023
Framlög og styrkir	1	30.171.161,00 kr.	30.731.306,00 kr.
Tekjur af mótum	2	3.806.486,00 kr.	8.236.027,00 kr.
Húsa- og bifreiðaleigutekjur	3	192.281,00 kr.	
Iðkenda- og námskeiðsgjöld	4	5.696.311,00 kr.	6.094.173,00 kr.
Aðrar tekjur	5	16.341.320,00 kr.	13.919.201,00 kr.

Tekjur samtals ▲ 56.207.559,00 kr. ▲ 58.980.707,00 kr.

Gjöld:

Launakostnaður	6	28.503.385,00 kr.	26.576.777,00 kr.
Styrkir til leikmanna	7	1.985.789,00 kr.	4.184.916,00 kr.
Félagaskipti og sala leikmanna	8	2.332.833,00 kr.	1.313.496,00 kr.
Áhöld og tæki	9	283.686,00 kr.	743.715,00 kr.
Þátttaka í mótum	10	7.280.950,00 kr.	6.381.385,00 kr.
Kostnaður v/mótahalds	11	879.398,00 kr.	1.300.496,00 kr.
Rekstur bifreiða	12	11.160,00 kr.	- kr.
Rekstur skrifstofu	13	2.841.033,00 kr.	2.670.089,00 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	116.210,00 kr.	310.000,00 kr.
Kostnaður v/samkeppnisreksturs	15	8.875.242,00 kr.	3.082.678,00 kr.
Önnur gjöld - v/skemmtana/fjáraf	16	1.591.916,00 kr.	4.049.393,00 kr.
Annar kostnaður	17	46.152,00 kr.	288.552,00 kr.
Afskriftir		205.413,00 kr.	1.596.872,00 kr.
Gjöld samtals		54.953.167,00 kr.	52.498.369,00 kr.

Hagnaður (tap) án fjárm.liða 1.254.392,00 kr. 6.482.338,00 kr.

Vaxtatekjur		46.705,00 kr.	61.265,00 kr.
Vaxtagjöld	-	225.668,00 kr.	- 165.219,00 kr.
	-	178.963,00 kr.	- 103.954,00 kr.

Hagnaður (tap) tímabilsins 1.075.429,00 kr. 6.378.384,00 kr.

EFNAHAGSREIKNINGUR 2024

Ungmennafélagið Skallagrímur
Körfuknattleiksdeild

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir:

		2024	2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	821.650	1.027.063
Fastafjármunir alls		821.650	1.027.063
Skammtímakröfur	21	6.548.145	2.715.062
Handbært fé	22	369.702	4.097.158
Veltufjármunir alls		6.917.847,00 kr.	6.812.220,00 kr.
Samtals eignir		7.739.497,00 kr.	7.839.283,00 kr.

Skuldir og eigið fé

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	3.761.930,00 kr. -	2.616.454,00 kr.
Tekjuafgangur ársins	1.075.429,00 kr.	6.378.384,00 kr.
Eigið fé alls	4.837.359,00 kr.	3.761.930,00 kr.

Langtímaskuldir

Skammtímaskuldir

Ógreitt vegna launa	23	1.137.599	2.061.843
Virðisaukaskattur	24 -		-
Viðskiptaskuldir	25	1.764.539	2.015.510
Skammtímaskuldir alls		2.902.138,00 kr.	4.077.353,00 kr.

Skuldir og eigið fé samtals		7.739.497,00 kr.	7.839.283,00 kr.
------------------------------------	--	-------------------------	-------------------------

SUNDURLIÐUN/SKÝRINGAR 2024

Ungmennafélagið Skallagrímur Körfuknattleiksdeild

Sundurliðun 2024

	2024	2023
1. Framlög og styrkir		
Styrkir og styrktaraðilar		
Styrkir ÍSÍ	198.893	2.389.151
Styrkir UMFÍ, UMSB	3.248.268	6.360.140
Styrkir - ýmsir sjóðir	300.000	
Lottó	2.169.149	438.497
Atvinnuleysisstryggingasjóður		-
Styrkir og styrktaraðilar alls	5.916.310	9.187.788
Styrkir, bæjarfélag		
Húsaleigustyrkir	564.600	-
Styrkir, bæjarfélag alls	564.600	-
Styrkir, aðalstjórn		
Ferðastyrkir	674.340	-
Styrkir, aðalstjórn alls	674.340	-
Aðrir styrktaraðilar		
Ýmis fyrirtæki	19.483.500	17.692.638
Ýmsir einkaaðilar	1.070.000	3.850.880
Ýmsir styrkir v/almannaheilla	2.462.411	
Aðrir styrktaraðilar alls	23.015.911	21.543.518
Framlög og styrkir alls	30.171.161	30.731.306
2. Tekjur af mótum		
Mótatekjur		
Þátttökugjöld	937.200	680.000
Aðgangseyrir	32.500	
Mótatekjur alls	969.700	680.000
Aðrar tekjur af mótum		
Miðasala á leiki	842.001	3.523.500
Árskort	122.000	189.000
Sjoppa	1.872.785	3.843.527
Aðrar tekjur af mótum alls	2.836.786	7.556.027
Tekjur af mótum alls	3.806.486	8.236.027
3. Húsa-, bifreiða- og vallarleigutekjur		
Aðrar leigutekjur		
Leiga á bifreið	192.281	
Aðrar leigutekjur alls	192.281	
Húsa-, bifreiða- og vallarleigutekjur		
4. Iðkenda- og námskeiðsgjöld		
Æfingagjöld - námskeið o.fl.		
Æfingagjöld	5.457.811	5.932.173
Tekjur v/æfingabúða, námsk. ofl.	238.500	162.000
Iðkenda- og námskeiðsgjöld alls	5.696.311	6.094.173

ÁRSSKÝRSLA

5. Aðrar tekjur

Fjárafánir	5.719.320	4.322.341
Aðrar tekjur án vsk		1.060.632
Ýmsar fjárafánir alls	5.719.320	5.382.973

Vörusala

Sala búninga	595.418	266.895
Nytjamarkaður	5.701.793	978.077
Veitingasala	635.600	342.356
Bílaþvottur		277.000
Vörusala alls	6.932.811	1.864.328

Aðrar tekjur án VSK

Skemmtanir	3.689.189	6.671.900
Aðrar tekjur án VSK alls	3.689.189	6.671.900
Aðrar tekjur alls	16.341.320	13.919.201

6. Laun og verktakagreiðslur

Laun

Laun starfsmanna	6.259.012	2.204.511
Laun þjálfara	7.523.694	4.294.372
Laun leikmanna		3.052.076
Tryggingagjald	1.040.513	783.624
Lífeyrissjóður	1.691.979	1.104.151
Orlofs- og sjúkrasjóður	96.688	77.093
Slysatryggingar		-
Laun alls	16.611.886	11.515.827

Bifreiða- og aðrir styrkir

Bifreiðastyrkir þjálfara	911.316	1.176.964
Bifreiðastyrkir leikmanna	1.230.927	1.348.563
Dagpeningar	799.200	1.227.950
Aðrir styrkir	495.000	2.138.958
Húsaleiga leikmenn / þjálfarar	2.150.000	3.790.390
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	5.586.443	9.682.825

Verktakagreiðslur

Verktakagreiðslur þjálfara	7.331.330	3.959.098
Verktakagreiðslur leikmanna	- 1.026.274	1.419.027
Verktakagreiðslur alls	6.305.056	5.378.125
Laun og verktakagreiðslur alls	28.503.385	26.576.777

7. Styrkir til deilda og leikmanna

Ferðastyrkir	420.000	1.174.697
Sjúkrakostnaður	371.631	572.463
Skó styrkur	60.000	60.000
Aðrir styrkir v/leikmanna	500.929	1.988.057
Fæðiskostnaður - styrkur	501.229	299.699
Þjálfaranámskeið - styrkur	132.000	90.000
Styrkir til leikmanna/þjálfara alls	1.985.789	4.184.916

8. Félagaskipti og sala leikmanna

Umboðslaun	793.666	478.704
Félagaskipti	142.205	10.000
Dvalarleyfi o.fl	1.113.482	601.466
Tryggingar leikmanna	283.480	223.326
Félagaskipti og sala leikmanna alls	2.332.833	1.313.496
Félagaskipti og sala leikmanna alls	2.332.833	1.313.496

ÁRSSKÝRSLA

9. Áhöld og tæki

Búningar	83.220	563.390
Íþróttaáhöld	188.526	161.916
Skrifstofuáhöld		-
Önnur áhöld	11.940	18.409
Áhöld og tæki alls	283.686	743.715

10. Þátttaka í mótum

Þátttökugjöld

Þátttökugjald	1.115.000	1.203.250
Þátttökugjöld KKÍ jöfnunarsj. o.fl.	2.286.585	2.635.682
Ýmiss kostnaður v/þátttöku í mótum	15.000	103.300
Þátttökugjöld alls	3.416.585	3.942.232

Ferðakostnaður innanlands

Rútur	1.381.598	973.769
Flug	435.820	111.780
Gisting	-	140.458
Upphald	580.930	232.855
Annar ferðakostnaður innanlands	296.953	613.172
Ferðakostnaður innanlands alls	2.695.301	2.072.034

Ferðakostnaður erlendis

Flug	1.153.248	367.119
Gisting	15.816	-
Ferðakostnaður erlendis alls	1.169.064	367.119

Annar þátttökukostnaður

Þátttökugjöld KKÍ		-
Annar þátttökukostnaður alls	-	-
Þátttaka í mótum alls	7.280.950	6.381.385

11. Kostnaður v/mótahalds

Verðlaunapeningar		365.189
Dómgæsla	872.050	1.102.989
Fæðiskostn. v/mótahalds		97.323
Gisting v/mótahalds		28.896
Fæðiskostn v/mótahalds		7.348
Annar mótahaldskostnaður		
Kostnaður v/mótahalds alls	879.398	1.594.397

12. Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða

Aðkeyptur akstur bifreiða	11.160	
Tryggingar		-
Skattar og gjöld		-
Viðhald bifreiða		-
Rekstur bifreiða alls	11.160	-

13. Rekstur skrifstofu

Ritföng	10.067	11.453
Prentun	689.178	370.972
Póstkostnaður	31.512	25.686
Funda- og þingkostnaður	-	98.180
Kaffikostnaður og risna	94.405	-
Tölvukostnaður	379.770	392.622
Bókhald og endurskoðun	1.206.127	1.061.100
Viðurkenningar og verðlaun	240.175	
Annar skrifstofukostnaður	189.799	416.173
Rekstur skrifstofu alls	2.841.033	2.376.186

ÁRSSKÝRSLA

13. Rekstur skrifstofu

Ritföng	10.067	11.453
Prentun	689.178	370.972
Póstkostnaður	31.512	25.686
Funda- og þingkostnaður	-	98.180
Kaffikostnaður og risna	94.405	-
Tölvukostnaður	379.770	392.622
Bókhald og endurskoðun	1.206.127	1.061.100
Viðurkenningar og verðlaun	240.175	
Annar skrifstofukostnaður	189.799	416.173

Rekstur skrifstofu alls

2.841.033 2.376.186

14. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Námskeiðsgjöld	-	45.000
Fréttabréf		
	-	45.000

Kostnaður v/námskeiðshalds

Námskeið	116.210	265.000
	116.210	265.000

Kostnaður v/námskeiðshalds

Kynnig, fræðsla og útbreiðsla alls

116.210 310.000

15. Kostnaður v/samkeppnisreksturs

Kostnaður v/vörusölu

Keyptur varningur til endursölu - fjáröf	7.025.657	2.746.678
Fiskkaup 11%		-
Húsaleiga Nytjamarkaður	1.849.585	336.000
	8.875.242	3.082.678

Kostnaður v/vörusölu

16. Önnur gjöld

Þjónustugjöld VISA/EURO	153.232	51.868
Þjónustugjöld banka	31.984	28.789
Tryggingar		14.425

Önnur gjöld alls

185.216 95.082

Kostnaður v/skemmtanahalds

Kostnaður v/skemmtanahalds	1.406.700	3.954.311
	1.406.700	3.954.311

Kostnaður v/skemmtanahalds

Annar kostnaður alls

1.591.916 4.049.393

Annar kostnaður

Annar kostnaður	46.152	288.552
	46.152	288.552

Annar kostnaður alls

ÁRSSKÝRSLA

18. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir		-
Bílar		-
Áhöld og tæki	821.650	1.027.063
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	821.650	1.027.063

21. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	6.548.145	2.715.062
Aðrar skammtímakröfur		-
Skammtímakröfur alls	6.548.145	2.715.062

22. Handbært fé

Sjóður	-	171.323
2157 - yngri	101.475	126.523
2158 - kvk	374	930
2159 - AÐAL	260.211	3.789.600
7010 - fiskur	-	19
406425 - yngri fjáröflun	2.035	6.464
407031 - landsliðspátttaka	412	1.981
3034 - kk	5.195	318
Handbært fé alls	369.702	4.097.158
Eignir alls	7.739.497	7.839.283

23. Ógreitt vegna launa

Ógreidd laun	15.347	699.021
Ógreiddur lífeyrissjóður	1.016.861	1.026.259
Ógreidd sjóðagjöld	98.765	75.410
Ógreidd staðgreiðsla + tryggingagjald	6.626	261.153
Ógreiddir skattar utan staðgreiðslu		
Ógreitt vegna launa alls	1.137.599	2.061.843

24. Virðisaukaskattur

Innskattur 11%		-
Útskattur 11%		-
Uppsafnaður virðisauki		-
Virðisaukaskattur alls	-	-

25. Aðrar langtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	1.764.539	2.015.510
	1.764.539	2.015.510

Meistaraflokkur karla – rekstrarreikningur

Ungmennafélagið Skallagrímur Körfuknattleiksdeild

Meistaraflokkur KK
Rekstrarreikningur 2024

Tekjur:

	Skýr	2024	2023
Framlög og styrkir	1	13.295.798,00 kr.	13.657.473,00 kr.
Tekjur af mótum	2	2.836.786,00 kr.	7.401.829,00 kr.
Húsa-, bíla og vallarleigutekju	3	27.500,00 kr.	
Aðrar tekjur	5	14.690.232,00 kr.	9.143.718,00 kr.

Tekjur samtals	30.850.316,00 kr.	30.203.020,00 kr.
-----------------------	--------------------------	--------------------------

Gjöld:

Launakostnaður	6	13.164.126,00 kr.	13.096.183,00 kr.
Styrkir til leikmanna	7	1.027.358,00 kr.	2.607.152,00 kr.
Félagaskipti og sala leikmann.	8	2.319.333,00 kr.	1.303.496,00 kr.
Áhöld og tæki	9	212.130,00 kr.	645.830,00 kr.
Þátttaka í mótum	10	4.686.576,00 kr.	3.988.480,00 kr.
Kostnaður v/mótahalds	11	576.598,00 kr.	230.469,00 kr.
Rekstur bifreiða	12	- kr.	
Rekstur skrifstofu	13	480.637,00 kr.	809.312,00 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	- kr.	45.000,00 kr.
Kostnaður v/samkeppnisrek.	15	7.108.842,00 kr.	1.650.063,00 kr.
Önnur gjöld	16	1.411.535,00 kr.	3.895.981,00 kr.
Annar kostnaður	17	369,00 kr.	10.324,00 kr.

Afskriftir

Gjöld samtals	30.987.504,00 kr.	28.282.290,00 kr.
----------------------	--------------------------	--------------------------

Hagnaður (tap) án fjárm.liða	-	137.188,00 kr.	1.920.730,00 kr.
-------------------------------------	----------	-----------------------	-------------------------

Vaxtatekjur	-	kr.
Vaxtagjöld		2.221,00 kr.
		2.221,00 kr.

Hagnaður (tap) tímabilsins	-	137.188,00 kr.	1.922.951,00 kr.
-----------------------------------	----------	-----------------------	-------------------------

Yngri flokkar – rekstrarreikningur

Ungmennafélagið Skallagrímur Körfuknattleiksdeild

Yngri flokkar
Rekstrarreikningur 2024

Tekjur:

	Skýr	2024	2023
Framlög og styrkir	1	8.891.880,00 kr.	12.024.835,00 kr.
Tekjur af mótum	2	937.200,00 kr.	830.000,00 kr.
Iðkenda- og námskeiðsgjöld	3	5.696.311,00 kr.	6.094.173,00 kr.
Aðrar tekjur	4	961.670,00 kr.	2.152.551,00 kr.

Tekjur samtals	16.487.061,00 kr.	21.101.559,00 kr.
-----------------------	--------------------------	--------------------------

Gjöld:

Launakostnaður	6	10.748.784,00 kr.	10.604.269,00 kr.
Styrkir til leikmanna/þjálfara	7	550.000,00 kr.	1.487.764,00 kr.
Félagaskipti og sala leikmanna	8		- kr.
Áhöld og tæki	9	83.892,00 kr.	70.160,00 kr.
Þátttaka í mótum	10	1.718.327,00 kr.	2.328.605,00 kr.
Kostnaður v/mótahalds	11	297.850,00 kr.	1.070.027,00 kr.
Rekstur bifreiða	12		
Rekstur skrifstofu	13	87.569,00 kr.	123.051,00 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	116.210,00 kr.	265.000,00 kr.
Kostnaður v/samkeppnisreksturs	15	747.300,00 kr.	764.585,00 kr.
Önnur gjöld	16		- kr.
Annar kostnaður			

Afskriftir

Gjöld samtals	14.349.932,00 kr.	16.713.461,00 kr.
----------------------	--------------------------	--------------------------

Hagnaður (tap) án fjárm.liðs #	2.137.129,00 kr.	4.388.098,00 kr.
---------------------------------------	-------------------------	-------------------------

Vaxtatekjur

Vaxtagjöld	-	179,00 kr.
	-	179,00 kr.

Hagnaður (tap) tímabilsins	2.137.129,00 kr.	4.387.919,00 kr.
-----------------------------------	-------------------------	-------------------------

ÁRSSKÝRSLA

Unglingaflokkar og annar rekstur/sameiginlegt – rekstrarreikningur

Ungmennafélagið Skallagrímur Körfuknattleiksdeild

Annar rekstur

Rekstrarreikningur 2024

Tekjur:

	Skýr	2024	2023
Framlög og styrkir	1	7.983.483,00 kr.	5.048.998,00 kr.
Tekjur af mótum	2	32.500,00 kr.	4.198,00 kr.
Aðrar tekjur	5	854.199,00 kr.	2.622.932,00 kr.

Tekjur samtals	8.870.182,00 kr.	7.676.128,00 kr.
-----------------------	-------------------------	-------------------------

Gjöld:

Launakostnaður	6	4.416.375,00 kr.	2.876.325,00 kr.
Styrkir til leikmanna	7	408.431,00 kr.	90.000,00 kr.
Félagaskipti og sala leikmanna	8	13.500,00 kr.	10.000,00 kr.
Áhöld og tæki	9 -	12.336,00 kr.	27.725,00 kr.
Þátttaka í mótum	10	876.047,00 kr.	64.300,00 kr.
Kostnaður v/mótahalds	11	179.050,00 kr.	- kr.
Rekstur bifreiða	12	11.160,00 kr.	- kr.
Rekstur skrifstofu	13	2.272.827,00 kr.	1.737.726,00 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14		- kr.
Kostnaður v/samkeppnisreksturs	15	1.019.100,00 kr.	668.030,00 kr.
Önnur gjöld	16	180.381,00 kr.	153.412,00 kr.
Annar kostnaður	17	45.783,00 kr.	278.228,00 kr.
Afskriftir		205.413,00 kr.	1.596.872,00 kr.

Gjöld samtals	9.615.731,00 kr.	7.502.618,00 kr.
----------------------	-------------------------	-------------------------

Hagnaður (tap) án fjárm.liða	-	745.549,00 kr.	173.510,00 kr.
-------------------------------------	----------	-----------------------	-----------------------

Vaxtatekjur		46.705,00 kr.	61.265,00 kr.
Vaxtagjöld	-	225.668,00 kr.	- 167.261,00 kr.
	-	178.963,00 kr.	- 105.996,00 kr.

Hagnaður (tap) tímabilsins	-	924.512,00 kr.	67.514,00 kr.
-----------------------------------	----------	-----------------------	----------------------

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

Ungmennafélagið Skallagrímur
Körfuknattleiksdeild

Rekstrarreikningur með fjárhagsáætlun 2024

Tekjur:

	Áætlun 2025	Skýr	2024
Framlög og styrkir	32.000.000,00 kr.	1	30.171.161,00 kr.
Tekjur af mótum	4.000.000,00 kr.	2	3.806.486,00 kr.
Húsa- og bifreiðaleigutekjur		3	192.281,00 kr.
Iðkenda- og námskeiðsgjöld	6.500.000,00 kr.	4	5.696.311,00 kr.
Aðrar tekjur	15.000.000,00 kr.	5	16.341.320,00 kr.

Tekjur samtals	57.500.000,00 kr.	56.207.559,00 kr.
-----------------------	--------------------------	--------------------------

Gjöld:

Launakostnaður	28.000.000,00 kr.	6	28.503.385,00 kr.
Styrkir til leikmanna	2.000.000,00 kr.	7	1.985.789,00 kr.
Félagaskipti og sala leikmanna	2.000.000,00 kr.	8	2.332.833,00 kr.
Áhöld og tæki	400.000,00 kr.	9	283.686,00 kr.
Þátttaka í mótum	7.300.000,00 kr.	10	7.280.950,00 kr.
Kostnaður v/mótahalds	1.100.000,00 kr.	11	879.398,00 kr.
Rekstur bifreiða	- kr.	12	11.160,00 kr.
Rekstur skrifstofu	2.700.000,00 kr.	13	2.841.033,00 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	500.000,00 kr.	14	116.210,00 kr.
Kostnaður v/samkeppnisreksturs	8.000.000,00 kr.	15	8.875.242,00 kr.
Önnur gjöld - v/skemmtana/fjáraflana	4.000.000,00 kr.	16	1.591.916,00 kr.
Annar kostnaður	50.000,00 kr.	17	46.152,00 kr.

Afskriftir		205.413,00 kr.
------------	--	----------------

Gjöld samtals	56.050.000,00 kr.	54.953.167,00 kr.
----------------------	--------------------------	--------------------------

Hagnaður (tap) án fjárm.liða	1.450.000,00 kr.	1.254.392,00 kr.
-------------------------------------	-------------------------	-------------------------

Vaxtatekjur	30.000,00 kr.	46.705,00 kr.
Vaxtagjöld	- 150.000,00 kr.	- 225.668,00 kr.
	- 120.000,00 kr.	- 178.963,00 kr.

Hagnaður (tap) tímabilsins	1.330.000,00 kr.	1.075.429,00 kr.
-----------------------------------	-------------------------	-------------------------

Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Áritun stjórnar

Borgarnesí 22. maí 2025

Stjórn:

Skoðunarmenn:

Guðni Ólafsson
Páll Már Einarsson